
Fundargerð ársfundar 2024

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann
24. maí 2024 kl. 16:00 í Landsbankanum Reykjastræti 6.

Gögn sem lágu fyrir á fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2023

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófatakni. Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Pétur Pétursson, starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2023 - Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2023 – Ólafur Páll Gunnarsson
4. Fjárfestingarstefna 2024 – Ólafur Frímann Gunnarsson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Sigurgísli Ingimarsson flutti skýrslu stjórnar:

„Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir,

Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlækna árið 2023 verður að teljast ásættanlegt þrátt fyrir frekar erfiðar efnahagslegar aðstæður í þjóðfélaginu. Raunávöxtun beggja deilda sjóðsins þ.e. séreigna- og sameignadeildar var jákvæð um 0,6 % miðað við vísitölu neysluverðs og er það verulegur viðsnúningur frá síðasta ári þar semávöxtunin var neikvæð um 16%.

Ekki verður hjá því komist að fjalla lítillaga um almennt ástand efnahagsmála hér heima fyrir og erlendis í erindi sem þessu, enda er árangur ogávöxtun lífeyrissjóða háð því að vel gangi í efnahagslífinu. Innlend verðbólga lækkaði nokkuð árinu og reyndist ársverðbólgan 7,7 % sem er þó langt umfram markmið Seðlabanka Íslands sem er 2,5% og gaf innlendir hlutabréfamarkaður verulega eftir á árinu og lækkaði úrvalsvísitala Kauphallar Íslands um 1,5%. Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru 6% í upphafi síðasta árs eftir tíðar og miklar vaxtahækkunar á árinu 2022. Stýrivextir voru hækkaðir fjórum sinnum á árinu 2023, síðast í ágúst og hafa verið óbreyttir síðan í 9,25%. Þessar hækkunar höfðu áhrif á innlenda skuldabréfamarkað og hækkaðiávöxtunarkrafa á markaði sem þýðir gengistap fyrir skuldabréf. Vísitala Nasdaq Iceland fyrir 10 ára löng verðtryggð skuldabréf hækkaði um 2% og vísitala Nasdaq Iceland fyrir 10 ára óverðtryggð skuldabréf hækkaði um 3,7%. Vísitala neysluverðs hækkaði hins vegar um 8% á árinu og skiluðu því innlend skuldabréf neikvæðri raunávöxtun á árinu. Lífeyrissjóðir eru hins vegar langtímafjárfestar og horfa til langtímaávöxtunar.

Horft fram á við, geta tækifæri myndast á innlendum hlutabréfamarkaði eftir miklar verðlækkunar og þannig bjóðist fjárfestum tækifærafæri til að kaupa hlutabréf á hagstæðu verði. Sama máli gildir um skuldabréfamarkaðinn þar sem skuldabréf má kaupa á mun hærraávöxtunarkröfu en stóð til boða í lágvaxtaumhverfi síðustu ára. Horfur til lengri tíma verða því að teljast all góðar með hjaðnandi verðbólgu og auknum líkum á að vaxtahækkunarferli Seðlabanka, bæði hérlendis og erlendis, fari brátt að ljúka. Hins vegar ber að nefna að hér getur sett verulegt strik í reikninginn ríkjandi óvissa vegna eldgoss og jarðhræringa á Reykjanesi síðustu misseri sem vissulega geta haft veruleg áhrif á innlenda verðbrefamarkaði. Aukin spennan og stríðsátök á

alþjóðlegum vettvangi geta síðan haft neikvæð áhrif á erlenda markaði sem verða æ mikilvægari fyrir okkar lífeyrissjóð.

Hægt hefur á efnahagssumsvifum að undanfögnu. Hagvöxtur reyndist vera 4,1% á síðasta ári og er útlit fyrir að verg landsframleiðsla aukist um 1,5% í ár. Reiknað er með að hagvöxtur verði helst drifinn áfram af einkaneyslu, utanríkisviðskiptum og sameyslu. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér árið 2025 og verði 3,0% þegar innlend eftirspurn styrkist. Skuldastaða heimila er efnahagslega traust og hefur hlutfall skulda heimila af vergri landsframleiðslu ekki verið lægra síðan 2018 og hefur eigið fé heimila aldrei verið hærra sem hlutfall af landsframleiðslu. Hrein erlend eignastaða þjóðarbúsins í lok síðasta árs nam tæplega 38% af vergri landsframleiðslu og hefur þjóðarúið ekki staðið betur frá árslokum 2021.

Útlit er fyrir að verðbólga hjaðni á árinu. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum hefur hjaðnað nokkuð hratt sem minnkar verðþrýsting á innfluttar vörur og aðföng. Þá skapar fyrirsjáanleiki hóflegra langtíma-kjarasamninga á vinnumarkaði skilyrði fyrir frekari hjaðnun verðbólgu. Árið 2026 er gert ráð fyrir að verðbólga verði komin undir 3% og er áætlað að hún verði nálægt 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands eftir það.

Ef við nú hugum að því hvað var að gerast á erlendum verðbrefamörkuðum á árinu þá er það að segja að þar skiptir algerlega í tvö horn hvað árangur varðar. Enn einu sinni hafa Bandaríkin komið á óvart á efnahagssviðinu en þrátt fyrir djúpstæða efnahagsörðuleika eftir Covid pláguna virðist bandaríska efnahagsvélin komin á fullan snúning. Í Bandaríkjunum er hraustleg eftirspurn á vinnumarkaði, verðbólga komin niður í 3%, væntingar neytenda góðar og þeir láta ekki sitt eftir liggja enda hækkuðu hlutabréfavísitölvur vestra hressilega á árinu og hækkaði S&P 500 vísitalan t.d. um 26,3% í mynt á árinu á meðan MSCI World index hækkaði um 19,5% í mynt á árinu.

Kína er enn fast í fasteignasamdrætti, en erlendir fjárfestar hafa tekið til fótanna í sama mund og kínverskur hlutabréfamarkaður hefur fallið ákaflega. Það er erfitt að gera sér grein fyrir stærðunum, en frá því að hlutabréf í Kína voru í hæstum hæðum korter í covid árið 2021, hefur jafnvirði milljón milljarða íslenskra króna þurrkast út þar eystra.

Sé lítið til Evrópu þá er staðan sú að verðhjóðnunin í Kína er farin að skila sér í lægra verði á kínverskri útflutningsvöru, sem mun hjálpa til við að lækka verðbólguna enn frekar. Mögulega of mikið. Efnahagsástand Evrópu er enn ótryggt, Bretland fór í milda niðursveiflu á seinni hluta liðins árs, en Þýskaland á frekari samdrátt á hættu á þessu ári, sem þá mun hægja á evrusvæðinu öllu. Það var afar viðkvæmt fyrir og seðlabankar um alla Evrópu eru í vandræðum, þar á meðal sjálfur Bundesbank í Þýskalandi.

Efnahagsörðugleikar vofa þó ekki aðeins yfir Evrópu, því Japan fór óvænt í efnahagslægð í fyrra. Af öðrum stærri hagkerfum er Indland nánast hið eina, þar sem sólin skín. Vert er að nefna í þessu sambandi að erlendar eignir LTFÍ hafa hækkað jafnt og þétt á undanförunum árum og eru þær nú um 45% af eignasafninu og stefnt að því auka þær enn frekar og þá með sérstakri áherslu á að stærstur hluti þessara eigna verði á bandarískum verðbréfamarkaði af skiljanlegum ástæðum. Læt ég þar með lokið hugleiðingum mínum um ástand efnahagsmála á síðasta ári.

Lífeyrisþegum hér fjölga nú afar hratt, og mun þeim fjölga verulega á næstu árum. Þeir voru tæplega 35.000 árið 2010 en 53.100 í byrjun árs 2021 og er það tæplega 50% fjölgun og ef spár ganga eftir verða þeir 63.100 árið 2030. Þessi fjölgun er þó mun hægari en í öðrum löndum Evrópu en skv. gögnum Eurostat stefnir þar hratt í mikil vandræði en þar hefur miðgildi aldurs og framfærsluhlutfall hækkað ört síðasta áratug og mun vaxa hratt næstu áratugi vegna hækkandi lífaldurs og á sama tíma lækkandi fæðingartíðni. Þótt samanburður við önnur Evrópulönd sé okkur enn hagstæður þá má búast við sömu þróun hér á næstu áratugum. Hér hefur til dæmis dregið jafnt og þétt úr fæðingatíðni. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera 2,1 barn á hverja konu til að viðhalda mannfjölda þegar til lengri tíma er lítið. Árið 2022 var frjósemi íslenskra kvenna 1,59 og hefur ekki verið lægri frá því að mælingar hófust árið 1853.

Öfugt við flest önnur lönd Evrópu mun þetta ekki hafa neikvæð áhrif á hagkerfið heldur trúlega jákvæð þar eð íslenska lífeyriskerfið byggir á því að hver og ein kynslóð safnar í eigin sjóð en ekki gegnumstreymiskerfi, líkt og í flestum Evrópulöndum, þar sem yngri kynslóðir og skattgreiðendur bera kerfinn uppi. Nú og á næstu árum hefja stórir

hópar tóku lífeyris úr almenna lífeyriskerfinu sem munu njóta ríflegs lífeyris. Þetta mun hafa margvísleg jákvæð efnahagsleg áhrif eins og aukna eftirspurn eftir íbúðum og ýmiss konar þjónustu sem hentar þessum aldurshópi. Þar má t.d. nefna menningu, þjónustu veitinga- og gististaða, ferðaþjónustu o.s.frv. enda hefur þessi hópur mun rýmri fjárráð en þeir sem yngri eru.

Íslenska lífeyriskerfið er afar gott og má í því sambandi geta þess að það var á síðasta ári metið í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu Mercer-CFA Institute sem metur heildarlífeyriskerfi mismunandi landa, en nægjanleiki, sjálfbærni og traust eru grunnþættir vísitölunnar. Er skemmst frá því að segja að íslenska lífeyriskerfið er þar í öðru sæti á eftir Hollandi og fær umsögnina fyrsta flokks lífeyriskerfi sem tryggir góð réttindi, er sjálfbært sem traust ríkir um. Rekstri sjóðsins er sem fyrr út vistað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra, fjárfestingastjóra og áhættustjóra sjóðsins.

Á milli reglubundinna funda, átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna funda stjórnar LTFÍ.

Eins og undangengin ár starfaði stjórn LTFÍ samkvæmt varfærinni stefnu í fjárfestingum okkar á s.l. ári. Í lok ársins lagði stjórn og rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlækna ítarlega vinnu í mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2024. Þar var eins og áður sagði lögð áhersla á að auka verulega vægi erlendra fjárfestinga. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa á sama tíma. Viðhaldið verður sem fyrr vægi ríkisskuldabréfa og skuldabréfa traustra fyrirtækja. Áfram verður boðið upp á lán til sjóðfélaga. Áfram er lögð áhersla á seljanleika eigna sjóðsins á ásættanlegu verðbili. Þannig voru um um 81% eigna séreignadeildar seljanlegar innan viku á ásættanlegu verðbili í lok árs 2023. Með þessu er sjóðurinn á hverjum tíma vel í stakk búinn til að mæta skyndilegu útstreymi úr séreignadeild hans.

Lífeyrissjóður Tannlækna er að stærstum hluta séreignasjóður og geta sjóðfélagar valið fjórar leiðir við öflun lífeyrisréttinda og lágmarkstryggingaverndar.

Stjórn sjóðsins hélt á árinu kynningu á sjóðnum fyrir tannlæknanema í húsakynnum Landsbankans. Þetta er liður í því að auka nýgengi inn í sjóðinn. Þessi kynning tókst afar vel og áhugi unga fólksins á lífeyrismálum var mikill og sköpuðust líflegar

umræður. Mæting á þessa kynningu var afar góð og óskuðu þau öll eftir að fá að ganga í sjóðinn.

Lífeyrissjóður Tannlækna stendur vel en tryggingafræðileg staða hans hefur heldur versnað milli ára en Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins mun fara nánar yfir þau mál og áorðnar breytingar hér á eftir. Við skulum hafa það hugfast þegar rætt er um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða að þá er verið að ræða um skuldbindingar er lúta að samtryggingadeildum lífeyrissjóða. Lífeyrissjóður Tannlækna er jú að langstærstum hluta séreignasjóður þar sem inneign sjóðfélagsins er að fullu erfanleg. Þannig snertir tryggingafræðilega staðan sjóðfélaga í LTFÍ frekar lítið. Það er engu að síður mikilvægt að hún sé í jafnvægi.

Eins og áður sagði þá er rekstri LTFÍ útvistað til Landsbankans hf. og hefur það samstarf gengið hnökralaust og í raun afar vel. Rekstrarsamningur sjóðsins var endurnýjaður á árinu. Eftir langar og strangar samningaviðræðum var nýr samningur samþykktur og tel ég að hann sé sjóðnum hagfelldur. Helzta breytingin er sú að nú er framkvæmdastjóri sjóðsins starfsmaður hans. Laun hans greiðast sameiginlega af Lífeyrissjóði Tannlækna og Íslenska lífeyrissjóðnum þar sem Lífeyrissjóður Tannlækna stendur undir 20% af þeim kostnaði. Starfsstöð hans verður sem fyrr í húsakynnum Landsbankans og þannig séð verða tiltölulega litlar breytingar á rekstrarformi og samskiptum stjórnarmanna við framkvæmdastjóra. Í þessum nýja samningi var einnig ákveðið að gera gagngerar breytingar á heimasíðu sjóðsins. Þannig er nú mun hægara fyrir sjóðfélaga að nálgast gögn um eign sína hjá sjóðnum. Einnig er á heimasíðunni reiknivél þar sem má reikna út lífeyrissparnað, bæði skyldulífeyri og séreignasparnað á einfaldan hátt. Ég hvet alla sjóðfélaga til að nýta sér þessar nýjungar og geta með þeim hætti gert framtíðaráætlanir varðandi lífeyrissparnað sinn.

Samskipti Lífeyrissjóðs Tannlækna við viðeigandi eftirlitsaðila voru með allra bezta móti á síðasta ári og komu ekki upp nein mál sem ekki tókst að leysa með viðunandi hætti fyrir báða aðila. Hitt ber þó að nefna að það er skoðun stjórnar sjóðsins að regluverk „Eftirlitsiðnaðarins“ vaxi hröðum skrefum og of mikill tími fari í að bregðast við erindum hans í stað þess að sinna skyldubundnum verkefnum sínum, það er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta

þau með sem allra beztum hætti. Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jón Gunnsteinn Hjálmarsson lögiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er sem fyrr að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættu-stýringu. Enn fremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs. Ég vil þakka þeim fyrir góð og vel unnin störf.

Íslenska lífeyriskerfið er í stöðugri mótun og með nýju lagafrumvarpi um lífeyrissjóði er kveðið á um frelsi sjóðfélaga til að ráðstafa iðgjöldum sínum til séreignasparnaðar. Þannig er sjóðfélaginn ekki skuldbundinn til að ávaxta þennan sparnað hjá sínum lífeyrissjóði. Hér er því kominn upp vísir að samkeppni milli lífeyrissjóða sem einvörðungu er af hinu góða og hvetur þá um leið stjórnendur lífeyrissjóða til að standa sig í stykkinu ef svo má að orði komast.

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða nýlega könnun sem Gallup framkvæmdi fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) sem leiðir í ljós að íslenskir neytendur eru óvenju duglegir að færa viðskipti sín milli fjármálafyrirtækja. Þegar heildarhlutföllin eru skoðuð hafa 48% fært viðskipti sín og er það hærra hlutfall en hjá nokkru öðru landi í Evrópu. Þetta ætti að vera okkur í stjórn umhugsunarefni og jafnframt hvatning til að ná sem beztum árangri fyrir okkar sjóðfélaga þannig að þeir sjái sínum hag bezt borgið hjá Lífeyrissjóði Tannlækna.

Að þessu sögðu vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ.

Ég horfi því sem fyrr björtum augum fram á veginn og vona að næsta rekstrarár verði LTFÍ hagfelld og þakka ég fyrir mig.

Lifið heil.“

2. Ársreikningur 2023

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2023. Ársreikningur var lagður fram á fundinum. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda sjóðsins þann 24. apríl 2024. Ólafur fór yfir lykil-

tölur í ársreikningnum. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna og sameignadeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg úttekt 2023

Ólafur Páll Gunnarsson gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2023. Fram kom að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Ólafur gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Sam-

kvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings voru heildareignir samtryggingadeildar 5,9% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar. Áfallin staða var neikvæð um 291,1 m.kr. eða sem nemur -10,0% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarskuldbinding er um 18,6 m.kr. hærrí en eignir eða sem nemur -0,9%.

4. Fjárfestingarstefna 2024

Fundarstjóri gaf Ólafi Frímanni Gunnarssyni orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu 2024. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 16. nóvember 2023 og má hana finna á heimasíðu sjóðsins. Af eignum séreignardeildar eru 44,6% frjáls séreign í eigu sjóðfélaga sem hafa náð 60 ára aldri og þarf því stórt hlutfall af eignum sjóðsins að vera í eignum sem teljast seljanlegar, þ.e. að hægt sé að selja eignirnar á ásættanlegu verðbili á tiltölulega skömmum tíma. Yfir 80% af eignum sjóðsins teljast til seljanlegra eigna. Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu sjóðsins á milli ára.

Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Sigurgísli Ingimarsson spurði í framhaldi af yfirferð um fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2024 um það hvort sjóðfélagar hafi verið að taka stórar upphæðir í eingreiðslu úr sjóðnum. Ólafur Frímán svaraði því neitandi, almennt væru sjóðfélagar ekki að taka háar upphæðir út í eingreiðslu heldur er þeim dreift yfir lengra tímabil. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2023 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þurfti tvo stjórnarmenn til þriggja ára og buðu þeir Gísli Vilhjálmsson og Sigurgísli Ingimarsson sig fram til áframhaldandi setu. Engin fleiri framboð bárust á fundinum og fengu þeir Gísli og Sigurgísli því einróma kosningu.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillögur til samþykktarbreytinga þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti fjórum vikum fyrir ársfund. Engar samþykktabreytingar voru lagðar til að þessu sinni.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar fékk orðið og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna.

Samkvæmt henni skyldu stjórnarlaun hækka um 9% sem er í takt við hækkun launavísitölu. Stjórn LTFÍ leggur til að stjórnarlaun verði kr. 48.700 á

mánuði, fimmfalt fyrir stjórnarformann eða kr. 243.500 og tvöfalt fyrir varaformann eða kr. 97.400. Fundarstjóri bar tillögu undir fundarmenn og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2024 var svohljóðandi: Baker Tilly endurskoðun (áður Rýni endurskoðun), Suðurlandsbraut 18.

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál löglega borin fram

Engin önnur mál voru borin fram á fundinum.

Fundi slitið kl. 16:56

Á fundinn voru mættir 5 sjóðfélagar sem fara samtals með 3,3% af atkvæðarétti.

